

Er þjóðareign ríkiseign?

UMRÆÐAN

Auðlindaákvæði í stjórnarskrá

Hvort sem vér lítum til náttúrulegrar skynsemi [eða guðlegrar opinberunar] þá er fullljóst að Guð hefur [...] gefið jörðina manna börnum, gefið hana mannkyni sameiginlega.

[...] (John Locke, Ritgerð um ríkisvald, Reykjavík 1986, bls. 66, upprunalega útg. 1689).

Það er alls ekki ný hugmynd að hvers konar gæði jarðar séu sameign mannkyns. Jafnvel má ganga svo langt og segja að ýmis óefnisleg gæði, t.d. hugvit og listrænn sköpunarmáttur einstaklinga sé sameign í þessum skilningi. Í þessum skilningi eigum við Íslendingar landið okkar og allt sem á því er. Við eigum fjöllin, dalina og hafið umhverfis landið. Við eigum dýr merkurinnar og fiskinn í hafinu. Við eigum líka góð skáld, kvennalandslið í fótbolta, o. s. frv. Með orðinu „eign“ erum við hér einfaldlega að vísa til þess að við, sem tilheyrum íslensku samfélagi, höfum ríka sameiginlega hagsmuni af öllum framangreindum verðmætum.

Eitt virðist hafa farið á milli mála í þjóðmálaumræðu síðustu daga, en það er þetta: Framangreindar þjóðareignir, eða sameignir okkar, jafngilda ekki eignarrétti í lagalegri merkingu. Í fyrsta lagi samræmist það vel hugtakiinu þjóðareign að einkaaðilar eigi eignarréttindi. Þjóðareign á auðlindum er ekki þjóðnýting á auðlindum. Það er t.d. ekkert skrytið við það að jarðnæði á Íslandi sé þjóðareign, en jarðeigendur eigi jarðir sínar fullkomnum eignarrétti. Segja má að handhafar eignarréttar séu vörslumenn þjóðareignarinnar, svo notað sé orðalag heimspekingsins Jean-Jacques Rousseau. Í annan stað er það ein-



SKÚLI MAGNÚSSON

faldlega þannig að þau gæði sem falla undir þjóðareign eru misvel til þess fallin að vera andlag eignarréttar. Fiskurinn í sjónum getur t.d. verið þjóðareign þótt hann geti ekki verið lagaleg eign nokkurs án þess að hafa fyrst verið veiddur.

Auðvitað getur íslenska ríkið verið handhafi einkaeignarréttar eins og

aðrir lögaðilar. Það er líka svo að íslenska ríkið á (í eignarréttarlegum skilningi), Þingvelli, þjóðlendurnar, hafsbottinn svo langt sem fullveldisréttur ríkisins nær, svo eitthvað sé nefnt. Hér er því í raun um ríkiseign að ræða en ekki þjóðareign í framangreindum skilningi.

Eitt virðist hafa farið á milli mála í þjóðmálaumræðu síðustu daga, en það er þetta: Framangreindar þjóðareignir, eða sameignir okkar, jafngilda ekki eignarrétti í lagalegri merkingu.

Nú er von að spurt sé: Hvað vilja þeir raunverulega sem telja að stjórnarskrárákvæði um „þjóðareign á náttúruauðlindum“ eigi að vera meira en skírskotun til sameiginlegra hagsmuna þjóðfélagsþegnanna? Vilja þeir ríkiseign á öllum auðlindum íslenskrar náttúru (að því marki sem þessar auðlindir geta verið andlag eignarréttar)? Vilja þeir einnig ríkiseign á hvers kyns nýtingarréttindum á auðlindum, t.d. fiskveiðiheimum? Það er ekkert lagalega því til fyrirstöðu að koma þessum stefnumiðum í lagalegan búning. Þá þarf hins vegar að nota önnur og skýrari lagaleg hugtök en „þjóðareign“ eða „sameign þjóðarinnar“ á náttúruauðlindum.

Höfundur er lögfræðingur.